

Þriggja daga listkynning í tilefni þjóðhátíðardagsins

Hvers vegna eru ekki sjálfir söku- dólgarnir kvaddir til yfirheyrslu?

Eins og menn munu minnst efndi stór hópur fólks til mótmælaaðgerða á H-daginn vegna komu 5 herskipa úr fastafloða NATO hingað til lands þann dag. Leiddi það til einstaks atburðar í íslenskum löggæzlumálum. Þýskir sjóliðar á einu herskipanna höfðu greinilega ekki mótmælaaðgerðirnar og tóku sér löggæzluvald í íslenskri höfn og sprautuðu sjó yfir þáttakendur í mótmælastöðinni og marga aðra friðsama íslensku borgara er þarna áttu leið um. Létu íslensk lögregluþyriföld þetta athæfi þýzku sjóliðanna afskiptalaust.

Þessar aðgerðir sjóliðanna

leiddu hins vegar til þess að uppúr sauð og kom til nokkurra átaka en áður höfðu mótmælaaðgerðirnar farið friðsamlega fram. Stóð þá ekki á því, að íslenska lögreglan skærast í leikinn og flutti tvo af forgöngumönnum mótmælaaðgerðanna upp á lögreglustöð.

Þáttakendur í mótmælaaðgerðunum gengu þá fylktu liði og skipulega upp að lögreglustöð en þar varð hópurinn fyrir aðkasti íhalds-unglinga sem hröktu hann með aðstoð lögreglunnar upp að dyrum lögreglustöðvarinnar. Gerðu lögreglumenn sér síðan lítið fyrir og drógu af handahófi rösklega tuttugu af

mótmælagöngumönnum inn á lögreglustöðina þar sem nöfn þeirra voru skrifuð upp.

Síðan þessir atburðir gerðust hefur ekki linn svirðingaskrifum í Morgunblaðinu um þáttakendur í mótmælagöngunni og hafa þeir blaðamenn Morgunblaðsins er rita Staksteina og Velvakaðna krafist aðgerða gegn þeim af hálfu opinberra yfirvalda. Þessi æsingaskrif Morgunblaðsins virðast nú hafa borið tilætlaðan árangur, því í fyrradag hófust í Sakadómi Reykjavíkur réttarhöld yfir þeim þáttakendum í mótmælaaðgerðunum sem skrifaðir voru niður á lögreglustöðinni, hvort sem þeir

höfðu komið nærri þeim á tókum sem urðu eða ekki.

*

Hinir raunverulegu sakborningar hafa hins vegar hvorki verið skrifaðir niður eða teknir til yfirheyrslu. Ekki íhaldsunglingarnir er stóðu fyrir óspektunum við lögreglustöðina — enn síður þýzku sjóliðarnir sem þverbrutu íslensk lög að íslenskum lögreglumönnum ásjaandi. Hvað veldur? Er verið að setja á svið sýndarréttarhöld til þess að fjela fólk frá að láta í ljósi skoðanir sínar? Slíkar aðgerðir verða aldrei þolaðar og munu ekki bera tilætlaðan árangur.

□ Í tilefni þjóðhátíðarinnar gangast Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna fyrir fjölbreyttri listkynningu að Hallveigarstöðum dagana 15., 16. og 17. júní. Verður haldin myndlistarsýning í sölu Hallveigarstaða og dagskrá verður á daginn og kvöldin með tónlist og upplestri.

A myndlistarkynningunni verða sýnd málverk eftir listmálaraða Drífu Viðar, Eyborgu Guðmundsdóttur, Guðmundu Andrésdóttur, Hafstein Austmann, Sverri Haraldsson og Valgerði Bergsdóttur, höggmyndir eftir Ólöfu Pálsdóttur og myndvefnaður eftir Vigdís Kristjánsdóttur og Ásgerði Búadóttur.

Að öðru leyti verður dagskrá listkynningarinnar þannig:

Laugardag, 15. júní:

Kl. 3 e.h.: Samleikur á fiðlu og píanó. Agnes Löve og Ásdís Þorsteinsdóttir leika Sonatínu eftir Schubert. Upplstur: Leikkonurnar Helga Hjörvar og Sólveig Hauksdóttir.

Kl. 9 e.h.: Kvöldvaka í umsjá Auðar Guðmundsdóttur leik-
konu.

Sunnudagur, 16. júní

Kl. 3 e.h.: Edda Þórarinsdóttir leikkona flytur íslenska söngva með undirleik Láru Rafnsdóttur. Flytja þær þrjú ljóð eftir Stein Steinarr, lög eftir Jón Inga Ingvason og Atla Heimi Sveinsson, ljóð eftir Tómas Guðmundsson, lag eftir Gylfa P. Gíslason og ljóð eftir Halldóru B. Björnsson, lag eftir Jónni Viðar.

Guðrún Stephensen leikkona les kafla úr Péttri Gaut. Kl. 9 e.h.: Tónleikar: Ásdís Þorsteinsdóttir og Agnes Löve leika saman á fiðlu og píanó Rómönsu í F-dúr eftir Beethoven og Tilbrigði eftir Tartini-Kreisler.

Framreitt verður veizlukefni alla dagana og verður kaffisalan opin frá kl. 3 til miðnætis mánu-
dagsins 17. júní.

Hjarta úr sauð í hjartasjúkling

HOUSTON 13/6 — Skurðlækner við St. Lukas sjúkrahúsið í Houston færðu í nótt hjarta úr sauð í mann í úrslitatilraun til að halda sjúklingnum á lífi þar til mannhjarta byðist, en sjúklingurinn lézt strax eftir að hann hafði fengið nýja hjartað úr sauðnum.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum sl. þriðjudag að heimila Innkaupastofnun borgarinnar að semja við hlutafélagið Miðfell um gatnagerð og lagningu í einbýlishúshverfi við Sögaveg.

Fyrirsjáanlegt er atvinnuleysi hundraða skólanema

segir Hafsteinn Einarsson, Dagsbrún

□ Ekki er fyrirsjáanlegt annað en til beinna vandræða horfi fyrir hundruð skólanemenda með atvinnu í sumar, sagði Hafsteinn Einarsson, starfsmaður hjá Dagsbrún í viðtali við Þjóðviljann í gær.

Margir skólapiltar hafa lítið herna inn á skrifstofu Dagsbrúnar að undanförmu til þess að kanna atvinnumöguleika á vinnu-
markaðnum — 18 og 19 ára skólapiltar, sem hafa unnið bygg-
ingarvinnu sumar eftir sumar og eru aukafélagar í Dagsbrún.

Við höfum reynt að létta undir með þessum skólapiltum og hringt á fjölmarga vinnustaði — hefur verið verulega erfið að útvega þeim vinnu undanfarna daga. Mér finnst þyngra fyrir á vinnu-
markaðnum núna heldur en í vetur, þegar hundruð verka-
manna voru skráðir atvinnulausir hjá Ráðningaskrifstofu Rvk-
urborgar, sagði Hafsteinn.

Þessir skólapiltar búa líka við ranglæti og er þeim minni okkur í að láta skrá sig atvinnulausa

Tajmanof vann Ostojic í gær

Í elleftu umferð Fiskemótsins í gærkvöld urðu úrslit þau, að Tajmanof vann Ostojic glæsilega. Vasjúkof og Uhlmann gerðu jafntefli, en Szabo vann Andrés Fjeldsted. Þá vann Addison Inga R., og Guðmundur Sigurjónsson vann Jóhann. Þegar Þjóðviljinn frétti síðast var skák Benónýs og Byrnes tvisyn, og skák Freysteins og Friðriks stóð enn.

Í 10. umferð Fiskeskákmótsins lauk tveim skákkum til viðbótar því sem sagt var frá hér í blaðinu í gær: Bragi Kristjánsson vann Andrés Fjeldsted en Freysteinn Þorbergsson og Benóný Framhald á 3. síðu.

Skólasetan eyðileggur þau réttindi og byrja þó þessir skólapiltar þegar sextán ára gamlir að greiða félagsgjöld í verkamannafélög af launum sínum. Þannig finnst mér þeir búa við ranglæti á atvinnuleysisstílnum eins og fyrirsjáanlegir eru í sumar, ef ekki verða gerðar úrbætur þegar.

Hundruð skólanemenda — bæði skólapiltar og skólastúlkur — sjá fram á atvinnuleysi í sum-
ar. Alþýðuheimilin missa af tekjum og kannski er ískýggi-
legast um menntunarmöguleika



Hafsteinn Einarsson

unglinga efnaminni heimila. Kannski er verið að stefna að sama ástandi eins og var á fyrra stríðsárunum, þegar eingöngu embættismannasynir gátu gengið menntaveginum, en synir verkamanna áttu ekki kost á því að ganga menntaveginum sökum fátæktar, sagði Hafsteinn að lokum.

Norðmenn semja um verulega verðhækkun á Íslandssild

BERGEN 13/6 — Norðmenn hafa nú gengið frá rammasamningi við sænska sildarkaupendur og eins við norskar niðurlagningar-
verksmiðjur um sölu á Íslandssild. Samkvæmt þessum samningum er miðað við sömu stærð sildar og á sl. ári. Sildarframleiðendur geta svo gengið frá sölu á væntanlegri Íslandssild innan þessara rammasamninga.

Ákveðið er að Norðmenn hefji söltun á Íslandssild 10. júlí nk, í stað 5. júlí í fyrrasumar.

Öll norsk Íslandssild verður metin. Samkvæmt samningunum hækkar verðið á saltsildinni um 5-6 auna norska hvert kíló, þ.e. 40-48 auna íslenska kíló, til sjómanna og útvegsmanna.

KEFLAVÍKURGANGAN

Nú hefur tilhögun Keflavíkurgöngunnar 23. júní verið ákveðin í stórum dráttum. — Lagt verður af stað úr Reykjavík kl. 8.00 að morgni 23. júní, suður að flugvallarhlíð nr. 1 á meðfylgjandi mynd. Þar verður flutt á varp áður en gangan leggur af stað um kl. 9.30. Leiðin til Reykjavíkur verður svo gengin með stuttri viðdvöl á eftirtöldum stöðum: Vogar (2), Kúagerði (3), Straumsvík (4), Hval-
eyrarholt (5), Kópavogur (6) Miðbær Rvíkur (7). Þáttakendur geta látið skrá sig til göngunnar með þessa áfangastaði í huga.

Að taka þátt í þessari Keflavíkurgöngu er ekki spurningin um það hvort menn treysta sér til að þreita 50 km. göngu, heldur miklu fremur hitt, hvort menn vilja styrkja málstað hernaðsandsstaðinga með því að vera þáttakendur í göngunni einhvern hluta leiðarinnar og í göngulok.

Samtökin vilja hvetja sem flesta til að taka þátt í göngunni fyrsta áfangann, enda þótt þeir ætli sér ekki að ganga alla leið. Yngra fólk ætti að fjölmenna í gönguna alveg frá upphafi hennar.

Göngunni munu fylgja bílar sem flytja farangur göngumanna og eins verður með göngunni langferðabíll fyrir þá, sem vilja hvíla sig stund og stund. Það hefur jafnan verið

mikið sungið í mótmælagöngu um hernaðsandsstaðinga og svo mun einnig verða nú. Hugmyndum um göngulög er gott að koma á framfæri við skrifstofuna um leið og menn láta skrá sig, því fyrir

göngudag mun hún láta fjölrita þá texta eða lög, sem sungin verða.

Skrifstofan í Aðalstræti 12 verður framvegis opin á virkum dögum kl. 16-19 og 20.30-22 og sunnudaga kl. 13-19.

Síminn er 24701.

Hafið samband við skrifstofuna og látið skrá ykkur í gönguna sem fyrst. Það auðveldar allan undirbúning göngunnar. Gleymið ekki fjárföfnuninni vegna göngunnar.

